



Til:
Efni:
Upplýsingar:

ann.andreasen@reykjavik.is
Hólmsheiði, athafnasvæði, kynning
Sent: 14.08.2017 16:37:08 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017070002, Bréfalyklar: 40 S
almennt

Tilvísun í mál: 2017070002

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 21. júní. júlí sl., þar sem kynnt er skipulagslýsing fyrir deiliskipulag á Hólmsheiði, athafnasvæði. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu sem stafar af sumarleyfum starfsmanna.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda." Skipulagssvæðið sem um ræðir er utan náttúruverndarsvæða. Í lýsingunni er fjallað um þá umhverfisþætti sem þarf að skoða við vinnslu skipulagsins og er þar m.a. komið inn á náttúrufræðistofnun eins og vistkerfi og landslag. Náttúrufræðistofnun gerir ekki sérstakar athugasemdir við lýsinguna en meðfylgandi eru upplýsingar sem hafa má til hliðsjónar við skipulagsvinnuna.

Til upplýsingar:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

